

# Erindisbréf

## Ungmennaráð

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar 06.07.2010

### Stjórnskipuleg staða

Ungmennaráð heyrir undir æskulýðs- og íþróttanefnd.

Nefndin starfar á **almennu sviði**, sem er undir stjórn **bæjarstjóra**.

### Skipan nefndarinnar

Í ungmennaráði eiga sæti **fimm fulltrúar á aldrinum 16-25 ára**, sem æskulýðs- og íþróttanefnd tilnefnir og bæjarstjórn staðfestir skv. ákvæðum **sveitarstjórnarlaga, og samþykktar um stjórn og fundarsköp Stykkishólmsbæjar**. Auk kjörinna fulltrúa eiga **formaður æskulýðs- og íþróttanefndar og bæjarstjóri** rétt á að sitja fundi nefndarinnar, með málfrelsi og tillögurétt.

Nefndin kýs formann, hafi hann ekki verið skipaður af bæjarstjórn, og ritara nefndarinnar á fyrsta fundi sínum.

### Hlutverk

- Að vera bæjaryfirvöldum til ráðgjafar varðandi aðstöðusköpun og afþreyingarmöguleika ungs fólks.
- Að koma tillögum og skoðunum ungs fólks til skila til viðeigandi aðila í stjórnkerfi sveitarfélagsins.
- Ungmennaráð starfar með og undir leiðsögn æskulýðs- og íþróttanefndar.
- Formaður æskulýðs- og íþróttanefndar skal vera tengiliður við bæjaryfirvöld og er til aðstoðar ef þurfa þykir.

### Starfshættir

Um starfshætti nefnda er sérstaklega getið í IV. kafla **samþykktar um stjórn og fundarsköp Stykkishólmsbæjar** og skal þeim fylgt eftir því sem við á.

Ungmennaráðið kemur saman fyrir **luktum dyrum**.

Ungmennaráðið skal halda **gerðarbók**. Kjörinn ritari færir fundargerð í gerðabókina. Í gerðabók skal skrá **hvar og hvenær** fundur er haldinn, **hverjir** sitja hann og **hvenær honum lýkur**. Skrá skal **einstök mál**, sem tekin eru fyrir á fundinum, **hvenær þau komu til, nöfn** hlutaðeigandi, **meginefni og afgreiðslu** nefndarinnar. Í lok fundar skal ritari **lesa fundargerðina** upp og allir viðstaddir **undirrita hana**. Fundargerðum kemur formaður ungmennaráðs til formanns æskulýðs- og íþróttanefndar sem leggur hana fram með dagskrá næsta fundar æskulýðs- og íþróttanefndar. Ritari ungmennaráðsins sendir fundarmönnum afrit af fundargerð ungmennaráðsins.

Formaður ungmennaráðs sér um boðun funda. Fundarboðun skal vera **skrifleg eða rafræn og tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá**. Fundarboð skal sent fulltrúum í ungmennaráðinu og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en **tveimur sólarhringum fyrir fund**.

Formaður ungmennaráðs stýrir fundum hans skv. ákvæðum IV. kafla samþykktar um stjórn og fundarsköp Stykkishólmsbæjar.

Fundur telst ályktunarhæfur **ef meirihluti ungmennaráðs er mættur** á fund. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu með og á móti.

## Eftirfylgni

Formaður ungmennaráðsins og aðrir fulltrúar hans skulu **snúa sér til formanns æskulýðs- og íþróttanefndar** með eftirfylgni staðfesta samþykktu ungmennaráðsins.

## Lög og reglugerðir

Í störfum sínum skal nefndin taka mið af þeim **lögum og reglugerðum**, sem undir starfssvið hennar heyrir og gilda hverju sinni. Þá skal nefndin fylgja **samþykkt um stjórn og fundarsköp Stykkishólmsbæjar**.